



Upplýsingaöryggisstefna Grímsnes- og Grafningshrepps

Tilgangur

Undirstaða trausts í stafrænum samskiptum byggir á upplýsingaöryggi. Ábyrg og örugg meðferð upplýsinga og gagna er grundvallaratriði í þjónustu Grímsnes- og Grafningshrepps og stuðlar að traustum stafrænum samskiptum íbúa og fyrirtækja við sveitarfélagið.

Trúnaður, áreiðanleiki, aðgengi og rekjanleiki upplýsinga er leiðarljós í upplýsingaöryggi hjá Grímsnes- og Grafningshreppi. Notendur þjónustu sveitarfélagsins eiga ávallt að treysta því að þjónusta sveitarfélagsins sé hönnuð, innleidd og starfrækt með upplýsingaöryggi og vernd persónuupplýsinga að leiðarljósi.

Gildissvið

Þessi upplýsingaöryggisstefna nær til allrar þjónustu og tækniinnviða sem Grímsnes- og Grafningshreppur rekur, þar með talið upplýsingakerfa, tölvubúnaðar, gagna og skjalageymslu. Hún tekur einnig til þeirra krafna sem gerðar eru til starfsfólks, kjörinna fulltrúa og þjónustuaðila sveitarfélagsins.

Ábyrgð og skipulag

Sveitarstjóri ber æðstu ábyrgð á upplýsingaöryggi sveitarfélagsins og að viðeigandi kröfur séu gerðar um upplýsingaöryggi. Sveitarstjóri tryggir að nægjanleg aðföng séu til staðar og úthlutar ábyrgð á verkefnum tengdum upplýsingaöryggi til viðeigandi aðila innan sveitarfélagsins.

Allir aðilar sem koma að þjónustu við Grímsnes- og Grafningshrepp, þar með talið starfsfólk, kjörnir fulltrúar og þjónustuaðilar, bera ábyrgð á að vernda upplýsingar, gögn og kerfi gegn ólögætum aðgangi, breytingum, misnotkun, birtingu, eyðileggingu eða glötun.

Markmið

Helstu markmið upplýsingaöryggisstefnu Grímsnes- og Grafningshrepps eru að:

- Stuðla að trausti, öryggi og áreiðanleika í notkun stafrænnar þjónustu gagnvart öllum hagsmunaaðilum.
- Vernda hagsmuni íbúa, fyrirtækja og sveitarfélagsins.
- Tryggja að farið sé að lögum og reglugerðum er varða meðhöndlun upplýsinga.
- Setja skýrar kröfur til þjónustuaðila og samstarfsaðila um örugga meðhöndlun upplýsinga.

Viðmið og staðlar



Nálgun upplýsingaöryggis hjá Grímsnes- og Grafningsshreppi tekur mið af alþjóðlegum stöðlum og viðmiðum um upplýsingaöryggi, þar á meðal:

- ISO/IEC 27001 staðlinum um upplýsingaöryggi.
- Stefnu stjórnvalda um upplýsingaöryggi.
- Lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
- Öðrum viðeigandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma.

Meginreglur

Lágmörkun persónuupplýsinga

Sveitarfélagið skal ávallt lágmarka umfang persónugreinanlegra upplýsinga sem unnið er með, þannig að aðeins sé unnið með nauðsynlegar upplýsingar í eins skamman tíma og hægt er.

Stöðugar umbætur

Sveitarfélagið skal sjá til þess að stöðugar umbætur og lagfæringar með tilliti til upplýsingaöryggis séu hluti af innri starfsemi og þeim verk- og þjónustusamningum sem gerðir eru. Upplýsingaöryggi skal vera hluti af hönnun og markmiðum allrar þjónustu sem veitt er.

Tilkynning öryggisbresta

Öryggisbrestir sem varða leynd, réttleika eða tiltækileika upplýsinga og þjónusta sem sveitarfélagið starfrækir ber að tilkynna sveitarstjóra án tafar. Öryggisbresti kann að þurfa að tilkynna ytri aðilum í samræmi við lög og reglugerðir sem byggja á eðli viðkomandi brests eða atviks.

Kröfur til starfsfólks og þjónustuaðila

Grímsnes- og Grafningsshreppur gerir sambærilegar kröfur til hæfni og getu innri sem ytri aðila til upplýsingaöryggis og persónuverndar. Skal slíkt endurspeglast í ráðningarsamningum, útboðsgögnum, samningsákvæðum og verklýsingum eftir því sem við á hverju sinni út frá kröfum til þjónustu.

Trúnaðarákvæði eru í þeim samningum sem varða meðferð trúnaðarupplýsinga og aðgang að kerfum sem vinna slíkar upplýsingar. Auk þess eru gerðar kröfur til öruggrar hönnunar og persónuverndar í kröfum til þjónustuaðila.

Öryggisvitund og þjálfun

Sveitarfélagið leggur áherslu á að allt starfsfólk og kjörnir fulltrúar fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upplýsingaöryggi og persónuvernd. Markmiðið er að tryggja að allir séu meðvitaðir um mikilvægi öruggrar meðhöndlunar upplýsinga og þekki helstu ógnir og bestu starfsvenjur.



Endurskoðun stefnu

Stefnu þessa skal endurskoða reglulega sem og þegar innri eða ytri breytingar gefa tilefni til. Sveitarstjóri ber ábyrgð á því að stefnan sé endurskoðuð og uppfærð eftir þörfum.

Samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshreppi 4. nóvember 2025

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri